Kínverjar ganga af frímerkjasýningu

Töldu frímerki frá Taiwan áróður gegn alþýðulýðveldinu Kína

ÞAÐ fáheyrða atvik átti sér stað í fyrradag að kínverskir sendiráðsmenn, sem formlega voru boðnir til opnunar frímerkjasýningarinnar FRÍM '80, sem haldin er að Kjarvalsstöðum, gengu af sýningunni. Höfðu þeir þá komið auga á frímerki frá Taiwan (Formósu), sem þeir töldu áróður gegn Alþýðulýðveldinu Kína og fóru fram á að þau yrðu tekin niður. Því hefur sýningarstjórnin alfarið hafnað.

Í tilefni þessa snéri blaðið sér til Björgúlfs Lúðvíkssonar, sem setti upp hluta af sýningunni til að fá nánari fréttir af atburðinum.

„Ég setti upp þann hluta sýningarinnar, sem er til heiðurs Sigurði Ágústssyni, en hann var lengi okkar allra bezti félagi, en er nú látinn. Hann safnaði aðallega tvenns konar frímerkjum, annars vegar japönskum og hins vegar frímerkjum er snertu skátahreyfinguna, og eru öll merkin í þessum hluta úr eigu hans," sagði Björgúlfur.

„Meðal þessara merkja eru nokkur frá skátamótum á Taiwan og auk þess nokkrar blokkir þaðan. Þessi merki ráku kínversku gestirnir augun í og urðu þeir mjög óánægðir með það og töldu merkin vera áróður gegn alþýðulýðveldinu Kína. Þeir gengu síðan af sýningunni, en komu svo nokkru síðar og óskuðu þess mjög eindregið að merkin yrðu tekin niður. Það rökstuddu þeir með því að þessi „áróður" gæti spillt samskiptum lýðveldisins Íslands og alþýðulýðveldisins Kína.

Þeim var tjáð að við værum á móti því, en skyldum þó ræða málið og þeir skyldu þá hringja til okkar næsta morgun. Það gerðu þeir ekki, en hringdu þess í stað í formann félagsins, Pál H. Ásgeirsson, en hann vísaði málinu alfarið til formanns sýningarnefndarinnar, Jóhanns Guðmundssonar.

Jóhann hafði þá samband við utanríkisráðuneytið til að spyrja hvernig við ættum að snúa okkur í þessu. Þar fékk hann þau svör að við skyldum hafa þetta eins og við vildum, þetta væri ekkert mál. Síðan var hringt úr utanríkisráðuneytinu um klukkustund síðar og okkur ráðlagt að taka merkin niður. Þegar spurt var um forsendur þessara ráðlegginga, fengust sömu rök og Kínverjarnir höfðu verið með áður. Jóhann sagði þá að frímerkin yrðu ekki tekin niður vegna eftirtalinna atriða: Frímerkjasöfnun er hafin yfir alla pólitík. Svo er einnig með skátahreyfinguna.

Þessi hluti sýningarinnar er settur upp í minningu okkar bezta félaga og það væri hrópleg móðgun við minningu hans að taka merkin niður á svona forsendum.

Því næst var kínverjunum boðið til fundar með okkur fyrir opnun sýningarinnar í gær, en þeir hvorki komu né hringdu," sagði Björgúlfur að lokum.



Frímerkjablokkirnar frá Taiwan, sem Kínverjarnir töldu áróður gegn alþýðulýðveldinu Kína.

VSÍ ræðir beiðni FÍP um verkbönn á mánudag

STJÓRN og samninganefnd Félags íslenzka prentiðnaðarins ræddi í gær viðbrögð við verkfallsboðun bókagerðarfélaganna þriggja, sem ákveðið hafa að boða til verkfalls frá og með 17. nóvember næstkomandi. Ákveðið var að árétta bréf til Vinnuveitendasambands Íslands frá 18. september síðastliðnum, þar sem samþykkt var að óska eftir verkbannsaðgerðum á aðra starfsmenn fyrirtækja í FÍP, ef til frekari verkfallsaðgerða kæmi.


Grétar Nikulásson, framkvæmdastjóri FÍP sagði í samtali við Morgunblaðið í gær, er hann var spurður að því, hvort komið gæti til verkbannsaðgerða við aðra viðsemjendur, sem þegar hefðu bundinn samning, en aðeins Blaðamannafélag Íslands mun eiga ósamið við Félag blaðaútgefenda í Reykjavík, sem er aðili að FÍP. Grétar kvað þá samúðarverkbann koma til greina með sama hætti og samúðarverkföll væru boðuð. Samkvæmt upplýsingum Þorsteins Pálssonar, framkvæmdastjóra VSÍ mun framkvæmdastjórn VSÍ koma saman til fundar klukkan 16 á mánudag til þess að ræða þessa beiðni FÍP.

Félag íslenzka prentiðnaðarins sendi í gær forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Ólafi Davíðssyni beiðni um að reiknað yrði út tilboð FÍP til bókagerðarmanna og það borið saman við hækkanir annarra sambærilegra launþegafélaga. FÍP-menn telja sig hafa boðið sambærilega hækkun og komið hefur fram í fjölmiðlum að a.m.k. bókbindarar fara ekki fram á meira en önnur stéttarfélög hafi fengið.

Sjá bréf FÍP á bls.5

Borgarstjórn:

Davíð kjörinn í borgarráð Birgir fær lausn frá störfum



Davíð Oddsson

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu það til á fundi borgarstjórnar í gærkveldi að Davíð Oddsson borgarfulltrúi tæki sæti Birgis Ísl. Gunnarssonar í borgarráði frá 10. þ.m., en Birgir óskaði eftir því á síðasta borgarráðsfundi að verða leystur frá þeim störfum.

Þá var og lagt til við borgarstjórn að Markús Örn Antonsson taki varamannssæti í borgarráði. Þessi tillaga borgarráðsfulltrúanna var samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum. Þeir Davíð og Markús munu gegna þessum störfum frá 10. þ.m. og til fyrri fundar borgarstjórnar í júní 1981.

Íscargo:

Fljúga með ferskfisk til Frakklands

FLUGFÉLAGIÐ Iscargo hefur undanfarna daga flogið með 30 tonn af ferskum fiski til Frakklands, að sögn Kristins Finnbogasonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

Kristinn sagði, að haldið yrði áfram með þessa flutninga í næstu viku og þá flogið á þriðjudag og laugardag með svipað magn.

Þá kom það fram í samtalinu við Kristin, að félagið er að auka fragtflug milli Íslands, Hollands og Bretlands. Flogið verður tvisvar í viku, en hingað til hefur þetta flug verið einu sinni í viku.

Menn frá Íscargo munu í vikunni fara utan og skoða fjórar flugvélar af gerðinni Lockheed Electra, sem eru fjögurra hreyfla skrúfuþotur, en félagið hyggst festa kaup á slíkri vél til að annast farþegaflug milli Íslands og Amsterdam eins og skýrt hefur verið frá. Kristinn sagði, að fallið hefði verið frá hugmyndum um kaup á Boeing 737 vegna þeirra staðhæfinga verksmiðjunnar, að 737-vélarnar séu ekki heppilegar fyrir þau vályndu veður, sem eru á þessu flugsvæði.

Færeyingar kaupa verksmiðjuskip til kolmunnaveiða- og vinnslu aflans

FÆREYINGAR festu nýlega kaup á 4 þúsund lesta nokkurra ára frönskum verksmiðjutogara, sem þeir ætla að gera út á kolmunnaveiðar. Skipið er væntanlegt til Færeyja í dag, en það er færeyskt fyrirtæki, sem kaupir skipið með styrk Landsstjórnarinnar. Um borð eru 4 vinnslulínur og verður kolmunninn unninn til manneldis. Hyggjast Færeyingar veiða kolmunna á slóðinni við Bretlandseyjar og Færeyjar á vorin og fram eftir sumri, en síðan í Norska hafinu er kemur fram á sumarið.

Í gær hófst á Hótel Esju lokafundurinn í norrænu samvinnuverkefni um veiðar á kolmunna, vinnslu og nýtingu til manneldis. Ráðstefnunni lýkur í dag, en á mánudag fara fulltrúar á fundinum, sem eru frá Noregi, Danmörku, Færeyjum og Íslandi, til Grindavíkur og Hveragerðis, en þar verður þurrkunarstöð fyrirtækisins Hverá skoðuð. Á fundinum í gær var mikið rætt um framtíð kolmunnaveiða, hagkvæmni þeirra, veiðarfæri og fleira tengt kolmunnaveiðum og vinnslu.

Á fundinum í gær kom fram, að menn telja að kolmunnaafli fari yfir eina milljón lesta í ár og hafi einnig gert það í fyrra. Stórtækastir í þessum veiðum eru Sovétmenn, en talið er að þeir veiði 60-70% alls kolmunna, sem veiddur er. Mest veiða þeir í Norska hafinu og undanfarið hefur stór floti sovézkra veiði- og vinnsluskipa verið rétt utan 200 mílna markanna austur af landinu.

Akureyri:

Gamall maður fannst eftir mikla leit

Akureyri, 7. nóvember.

ARINBJÖRN Guðmundsson, 77 ára, sem hvarf frá elliheimilinu í Skjaldarvík um klukkan 18.00 í gærkvöldi, fannst um klukkan 10.30 í morgun, nokkuð kaldur á fótum, en að öðru leyti allvel á sig kominn. Hann var fluttur á sjúkrahús til hressingar.

Eins og fyrr segir var Arinbjarnar saknað frá Skjaldarvík um miðaftanleytið í gær og var fljótlega hafin að honum mikil leit. Um 50—60 manns úr Hjálparsveit skáta á Akureyri og Flugbjörgunarsveitinni á Akureyri leituðu í nágrenni Skjaldarvíkur og á svæðinu milli Skjaldarvíkur og Akureyrar þangað til um klukkan 3 í nótt.

Leit hófst aftur í birtingu í morgun og lauk með því að maðurinn fannst og var hann þá staddur í grennd við bæinn Pétursborg sem er skammt norðan Akureyrar. Hann var sæmilega búinn og var allhress, en var þó orðið mjög kalt á fótum. — Sv.P.

Barnablaðið heitir nú ABC & D

NÝTT nafn hefur nú verið ákveðið á barnablað það, sem Frjálst framtak gefur út. Lögbann var lagt á nafnið ABC, en blaðið hefur nú fengið nafnið ABC & D. Límmiðar með nýja nafninu verða settir á forsíðu þess hluta 2. tölublaðs, sem ekki var farinn í dreifingu, en desembertölublaðið ber hið nýja nafn.

Borgarstjórn samþykkir fjárstuðning:

Pæld'íði niðurgreitt um 2 milljónir króna

Á FUNDI borgarstjórnar sem haldinn var á fimmtudaginn var samþykkt tillaga frá Sigurjóni Péturssyni þess efnis að Alþýðuleikhúsinu verði veittur 2ja milljóna króna fjárstyrkur vegna sýninga fyrir unglinga. Unglingasýning sú sem hér um ræðir ber nafnið „Pæld'íði" og fjallar um kynferðismál.

Nokkrar umræður urðu um tillögu þessa og kom fram í máli eins borgarfulltrúa sú skoðun að með þessari styrkveitingu væri gefið fordæmi og gæti því borgin átt von á að ýmsir leikhópar, sem teldu sýningar sínar eiga erindi til skólafólks, færu fram á styrk eftir að fjárhagsáætlun hefði verið afgreidd.

Tillaga Sigurjóns var samþykkt með 10 atkvæðum gegn 2.

Fjárstuðningur þessi mun ætlaður til að greiða niður aðgöngumiðaverð á sýningar Alþýðuleikhússins á umræddu leikriti.



Hluti fulltrúa á lokafundi sérstaks norræns rannsóknarverkefnis um kolmunnaveiðar og vinnslu.

(Ljósm. Emilía.)